

Bolungarvíkurkaupstaður  
Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík

Selfoss, 17.12.2024  
UST202401-252/H.M.V.  
08.14.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. október 2024 - Bolungarvíkurkaupsstaður, urðunarstaður að Hóli, ID nr. 28**

Þann 9. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í á urðunarstað Bolungarvíkurkaupsstaðar að Hólum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika:

Opin eru tvö eldri frávik úr eftirliti ársins 2022. Varða frávikan eftirfarandi:

- Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að taka á móti að hámarki 500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári sem og viðar - og garðaúrgangi til jarðgerðar. Jarðgerð fer ekki fram á urðunarstaðnum engu að síður er tekið á móti umtalsverðu magni af timbri - og garðaúrgangi sem ekki er heimild fyrir. Rekstraraðili lagði fram tímalínu úrbóta vegna þessa fráviks þar sem ætlunin er að fjarlægja óæskilegan úrgang, kurla ólitað timbur, fara í lagfæringu á mön og frágangi yfirborðs ásamt afmörkun með girðingu og merkingu urðunarstaðar. **Rekstraraðili lagði fram úrbótaáætlun þann 10. mars 2023, sem samþykkt var af Umhverfisstofnun. Samkvæmt henni stóð til að áætluð verklok á úrbótum áttu að vera búin að fara fram sumarið 2023. Við eftirlit nú er ljóst að úrbótum hefur ekki gengið eftir að fullnustu, búið var að koma fyrir girðingu á svæðinu og aðkomuhliði annað er ólokið.**
- Gr. 3.10 í starfsleyfi. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra. Ekki var um frágang að ræða á urðunarstaðnum. Rekstraraðili lagði fram tímalínu til úrbóta þar sem áætlað var að fara í frágang á mön og yfirborði. **Í úrbótaáætlun sem samþykkt var, var áætlað að verklok yrðu sumarið 2023. Við eftirlit nú er ljóst að úrbótum hefur ekki verið náð fram og frágangur enn í ólagi.**

**Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu**

**Fjögur frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Árið 2023 var tekið við 52,6 t af viðarúrgangi inn á urðunarstað. Ekki er heimild fyrir móttöku á viðarúrgangi nema til jarðgerðar. Engin jarðgerð fer fram inn á urðunarstað.
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili tekur ekki saman skráningar vegna innra eftirlits í samræmi við starfsleyfi. Taka þarf saman skráningar á öllum þeim þáttum sem koma þar fram. Skila ber þeim árlega til eftirlitsaðila sbr. gr. 4.4. í starfsleyfi.
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ekki hafa verið framkvæmdar mælingar á hæð grunnvatnsborðs árlega í samræmi við starfsleyfi. Samsetning grunnvatns er mæld annað hvert ár, var síðasta mæling gerð árið 2023 (gæta skal að mælingar séu framkvæmdar í takti við þær tímaáætlanir sem koma fram í starfsleyfi).
4. Gr. 4.4. í starfsleyfi. Árlega skal skila til Umhverfisstofnunar skýrslugjöf með niðurstöðum skráninga í samræmi við gr. 4.1 í starfleyfi. Engu ársyfirliti var skilað til eftirlitsaðila. Skilafrestur var 1. maí sl. vegna skráninga ársins 2023.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. janúar 2025.**

Virðingarfullst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur